

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 19. september 2019 kl. 9:30, en þetta var 72. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Runólfur Pálsson, og Reynir Tómas Geirsson, en Magnús Jóhannsson hafði boðað forföll. Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar, sat einnig fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (13. júní 2019) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

a) Hugtök sem tengjast „malpractice“ (útsent skjal). Efnið hafði verið rætt áður á fundi 13. júní og var nú tekið til lokafgreiðslu eftir að nefndarmenn höfðu farið aftur yfir fyrra skjal. Engar nýjar athugasemdir komu fram. Skjalið hefur verið sent emb. Landlæknis.

b) Grunnfærslur úr skjali sem frestað var á fundi þ. 13. júní voru teknar til umræðu, þ.e. fyrst og fremst grísk-latneska heitið „stoma“ og af því leitt enska heitið „stomy“.

Samþykkt var að aðgreina tvær grunnfærslur með heitinu „stoma“, þ.e. annars vegar fyrir náttúruleg líkamsop, sem nefnd eru „stoma“ í fósturfræði eða líffærafræði, og hins vegar tilbúin op eftir skurðaðgerð, sem einnig eru nefnd „stoma“. Ákveðið var hins vegar að ekki yrði sérstök grunnfærsla fyrir „stomy“ (-stomy) í merkingunni „tilbúið op“, heldur yrði „-stomy“ skráð sem samheiti við „stoma“. Í framhaldi af þessu verður tekið til við úrvinnslu og nauðsynlega samræmingu á samsettum íslenskum þýðingum í orðasafninu þar sem „stoma“ eða „stomy“ eru meðal orðhluta í erlendu heitunum. Fjöldi slíkra heita er umtalsverður, sennilega vel yfir 100.

3. Líffærafræðihefti IV

Ágústa hefur lokið grunnuppsetningu og öllum meginþáttunum í umbroti heftisins. Hún hefur fengið formlegt samþykki fyrir því að Stofnun Árna Magnússonar muni fjármagna prentun og tilboð í prentunina liggur þegar fyrir.

Þriðja próförk hafði verið send nefndarmönnum stuttu fyrir fundinn og var hún tekin til umræðu. Laufey Gunnarsdóttir, sem las prófarkir að heftum I.-III., hefur þegar lesið fyrstu tvær prófarkir þessa heftis og lagt fram tillögur sínar að villuleiðréttingum og ýmsum öðrum lagfæringum. Fjórlegar umræður hófust síðan um ýmislegt sem nefndarmenn höfðu komið auga á að betur mætti fara og þeir komu fyrstu athugasemdum sínum á framfæri. JHJ var falið að koma þeim inn í leiðréttingaferilinn, en þó með vissu ákvörðunarvaldi sem ritstjóri. Ákveðið var að lokafrestur til að koma frekari tillögum eða athugasemdum á framfæri rynni út mánudaginn 23. september. Eftir það munu JHJ, LG og ÁP ganga frá lokapróförk sem síðan yrði send í prentun.

Nefndarmenn luku lofsorði á vönduð vinnubrögð Ágústu og þá miklu vinnu sem hún hefur lagt fram í því sambandi. Var henni af því tilefni færð lítil gjöf til viðurkenningar og formlegrar staðfestingar á þakklæti Orðanefndar læknafélaganna fyrir frábært samstarf.

4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 17. október 2019, kl. 9:30. JHJ mun að venju boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:30. Fundargerð ritaði JHJ.